

STUTT HANDBÓK



POWERHEART® AED

G3 9300A OG 9300E

70-00967-30 B



AT THE HEART OF SAVING
LIVES™

Áskilinn er réttur til að breyta upplýsingum í þessu skjali án fyrirvara. Nöfn og gögn sem notuð eru í dæmum eru tilbúningur nema annað sé tekið fram.

Upplýsingar um vörumerki

Cardiac Science, „Shielded Heart“-lógóið, Powerheart, FirstSave, Mastertrak, MDLink, STAR, Intellisense, Rescue Ready, RescueCoach, Rescuelink, RHYTHMx, and Survivalink eru vörumerki Cardiac Science Corporation. Önnur vöru- og fyrirtækjaheiti eru vörumerki eða skráð vörumerki í eigu viðkomandi fyrirtækja.

Höfundarréttur © 2014 Cardiac Science Corporation. Allur réttur áskilinn.

Einkaleyfi

Tækið er verndað með eftirfarandi einkaleyfum í Bandaríkjunum og öðrum löndum:

5,792,190; 5,999,493; 5,402,884; 5,579,919; 5,749,902; 5,645,571; 6,029,085; 5,984,102; 5,919,212; 5,700,281; 5,891,173; 5,968,080; 6,263,239; 5,797,969; D402,758; D405,754; 6,088,616; 5,897,576; 5,955,956; 6,083,246; 6,038,473; 5,868,794; 6,366,809; 5,474,574; 6,246,907; 6,289,243; 6,411,846; 6,480,734; 6,658,290; 5,850,920; 6,125,298; EP0725751; EP0757912; EP00756878

Sótt hefur verið um frekari einkaleyfi í Bandaríkjunum og öðrum löndum.



Cardiac Science Corporation

N7 W22025 Johnson Drive
Waukesha, WI 53186, Bandaríkjunum
800.426.0337 (Bandaríkjunum)
262.953.3500
techsupport@cardiacscience.com
www.cardiacscience.com

Efnisyfirlit

Kafli 1: Öryggis- og vöruupplýsingar

Samskiptaupplýsingar	1-2
Vörugerðir	1-3
Tilvísanir í vörur	1-3
Upplýsingar um ábyrgð	1-3
Öryggisheiti og skilgreiningar	1-3

Kafli 2: Hafist handa

Tækið tekið úr umbúðunum og skoðað	2-1
Hlutar hjartastuðtækisins	2-1
Stillingar hjartastuðtækisins	2-3
Í notkun	2-3
Í bið	2-3
Í geymslu	2-3
Notkun og stillingar í bið miðað við aðstæður	2-3
Skilyrði við flutning eða sendingu á tækinu	2-3
Intellisense rafhlaða	2-4
Endingartími rafhlöðunnar	2-5
Geymslupól rafhlöðunnar	2-6
Ísetning rafhlöðunnar	2-7
Rafskaut fyrir hjartastuð	2-8
Uppsetning á rafskautum	2-9
Notkunarleiðbeiningar	2-10

Kafli 3: Hvernig skal staðið að björgun

Varnaðarorð og varúðarreglur	3-2
1. þrep: Mat gert á sjúklingi	3-4
2. þrep: Hjartastuðtækinu komið fyrir og það opnað	3-4
3. þrep: Rafskautunum komið fyrir á sjúklingnum	3-5
4. þrep: Greining á hjartslætti	3-6
5. þrep: Rafstuð gefið	3-7
6. þrep: Hefjið grunnendurlífgun	3-8
7. þrep: Hjartastuðtækið undirbúið fyrir næstu björgun	3-9

1

Öryggis- og vöruupplýsingar

Efnisyfirlit

◆ Samskiptaupplýsingar	1-2
◆ Vörugerðir	1-3
◆ Tilvísanir í vörur	1-3
◆ Öryggisheiti og skilgreiningar	1-3

Áður en Powerheart G3 hjartastuðtækið er notað:

- ◆ Kynnið ykkur allar öryggisviðvaranir í kaflanum um *Öryggi í Notkunar- og þjónustubandbókinni*.
- ◆ Öryggisviðvaranir eru tákn og orð sem benda á mögulega hættu sem getur valdið notanda tækisins, sjúklingnum eða Powerheart G3 hjartastuðtækinu skaða.

Samskiptaupplýsingar

Innan Bandaríkjanna:

Hafið samband við þjónustuver Cardiac Science til að panta fleiri Powerheart G3 hjartastuðtæki eða íhluti fyrir slík tæki:

- ◆ Gjaldfrjálst símanúmer (í Bandaríkjunum): 1.800.426.0337 (2. kostur)
- ◆ Símanr.: +1.262.953.3500 (2. kostur)
- ◆ Faxnr.: +1.262.953.3499
- ◆ Netfang: care@cardiacscience.com

Cardiac Science veitir tækniráðgjöf í gegnum síma allan sólarhringinn. Einnig er hægt að hafa samband við tækniráðgjöf með faxi, tölvupósti eða netspjalli í rauntíma.

Viðskiptavinur þarf ekki að greiða fyrir símtal varðandi tækniráðgjöf. Hafið raðnúmer og tegundarnúmer tækisins við höndina þegar haft er samband við tækniráðgjöf. (Raðnúmerið og tegundarnúmerið eru undir hjartastuðtækinu).

- ◆ Gjaldfrjálst símanúmer (í Bandaríkjunum): 1.800.426.0337 (1. kostur)
- ◆ Símanr.: +1.262.953.3500 (1. kostur)
- ◆ Faxnr.: +1.262.798.5236
- ◆ Netfang: techsupport@cardiacscience.com
- ◆ Vefsíða: <http://websupport.cardiacscience.com>

Utan Bandaríkjanna:

Hafið samband við næsta söluaðila Cardiac Science til að panta tæki eða íhluti og til að fá tækniaðstoð varðandi hjartastuðtæki.

Vörugærðir

Handbók þessi er fyrir Powerheart G3 af gerð 9300E og Powerheart G3 sjálfvirk hjartastuðtæki af gerð 9300A. Grunneiginleikar tækjanna eru svipaðir en ólíkir eiginleikar þeirra eru tilgreindir í handbókinni.

Tilvísanir í vörur

Takið vel eftir tilvísunum í vörur, en slíkar vísanir eru notaðar í því skyni að gera leiðbeiningar handbókarinnar eins skýrar og einfaldar og frekast er unnt. Vísad verður í almenna eiginleika, tæknilýsingu, notkunarleiðbeiningar og viðhald vara á eftirfarandi hátt:

„Powerheart G3 AED“, „hjartastuðtæki“, eða „tæki“ vísa bæði til Powerheart G3 af gerð 9300E og Powerheart G3 sjálfvirkra hjartastuðtækja af gerð 9300A nema annað sé tekið fram.

Upplýsingar um ábyrgð

Skjöl fyrir viðskiptavinum sem fylgja með Powerheart G3 hjartastuðtækinu AED allar upplýsingar sem þar koma fram veita ekki ábyrgð af neinum toga hvað varðar Powerheart G3, Powerheart G3 sjálfvirk hjartastuðtæki né aðrar tengdar vörur á nokkurn hátt. Kaflinn *Takmörkuð ábyrgð í Notkunar- og þjónustuhandbókinni* er eina sérstaka ábyrgðin sem Cardiac Science veitir hvað varðar Powerheart G3 hjartastuðtæki og tengdar vörur.

Öryggisheiti og skilgreiningar

Táknin hér á eftir tilgreina mögulega áhættuflokka. Skilgreining á hverjum flokki fyrir sig er eins og hér segir:



HÆTTA

Þessi viðvörðun gefur til kynna hættu sem veldur alvarlegu líkamstjóni eða dauða.



VIÐVÖRUN

Þessi viðvörðun gefur til kynna hættu sem getur valdið alvarlegu líkamstjóni eða dauða.



Varúð

Þessi viðvörðun gefur til kynna hættu sem getur valdið smávægilegu líkamstjóni, skemmdum á tækinu eða eignatjóni.

2 Hafist handa

Efnisyfirlit

◆ Tækið tekið úr umbúðunum og skoðað	2-1
◆ Hlutar hjartastuðtækisins	2-1
◆ Stillingar hjartastuðtækisins	2-3
◆ Intellisense rafhlaða	2-4
◆ Rafskaut fyrir hjartastuð	2-8

Í kaflanum eru upplýsingar um hvernig hjartastuðtækið er tekið úr umbúðunum og hvernig það er sett upp.


Tækið tekið úr umbúðunum og skoðað

Við leggjum okkur fram við að afgreiða pantanir á fullnægjandi hátt. Hins vegar ættu notendur að ganga úr skugga um að pöntunin hafi verið rétt afgreidd og bera saman innihald pakkans við fylgibréfið.

Ef spurningar vakna varðandi sendinguna skal hafa samband við þjónustuver (sjá *Samskiptaupplýsingar* á blaðsíðu 1-2).

Hlutar hjartastuðtækisins

Á myndunum hér á eftir má sjá hluta hjartastuðtækisins.



Stillingar hjartastuðtækisins

Í notkun

Rafhlaðan er á sínum stað og lokið er opið. Þetta er stillingin sem hjartastuðtækið er í þegar björgun á sér stað.

Í bið

Þegar rafhlaðan er á sínum stað en lokið er aftur. Hjartastuðtækið er stillt þannig þegar það er ekki í notkun. Tækið mun framkvæma reglubundnar sjálfsprófanir til að tryggja að það starfi rétt.

Í geymslu

Þegar engin rafhlaða í tækinu, t.d. meðan á sendingu eða flutningi þess standur. Hjartastuðtækið getur ekki framkvæmt sjálfspróf og ekki er hægt að nota það við björgun ef engin rafhlaða er í tækinu.

Notkun og stillingar í bið miðað við aðstæður

Sjá nánar kaflann sem inniheldur *Tæknilyngu* í *Notkunar- og þjónustuhandbókinni*.



Varúð. Of hátt eða of lágt hitastig.


Notkun hjartastuðtækisins við mikinn hita eða kulda eða umhverfisaðstæður sem samræmast ekki notkunarviðmiðum tækisins getur valdið því að hjartastuðtækið starfi ekki á réttan hátt. Daglega sjálfsprófið „Rescue Ready“[®] (tilbúið til björgunar) kannar hvaða áhrif mikill hiti eða kuldi hefur á hjartastuðtækið. Ef daglega sjálfsprófunin skynjar umhverfisaðstæður sem samræmast ekki notkunarviðmiðum hjartastuðtækisins verður gaumljósið „Rescue Ready“ (tilbúið til björgunar) mögulega rautt á lit (ekki tilbúið til björgunar) og hjartastuðtækið gefur mögulega viðvörðunina „VIÐHALDS ÞÖRF“ til að gefa notanda til kynna að færa skuli hjartastuðtækið tafarlaust í umhverfisskilyrði sem samræmast notkunarviðmiðum tækisins.

Skilyrði við flutning eða sendingu á tækinu

Í allt að eina viku. Sjá nánar kaflann með *Tæknilyngu* í *Notkunar- og þjónustuhandbókinni*.

Intellisense rafhlaða

Intellisense rafhlöður eru með innbyggðan minniskubb sem skráir sjálfkrafa mikilvægar upplýsingar um notkun. Á þann hátt er allur notkunarferill rafhlöðunnar skráður. Hægt er að skoða notkunarferil rafhlöðunnar með Rescuelink hugbúnaðinum.



Skoða má eftirtalin atriði í ferlinum:

- ◆ Auðkenni rafhlöðu
- ◆ Gerð rafhlöðu
- ◆ Upprunalega ísetningu þess í hjartastuðtæki
- ◆ Fjöldi hleðslna
- ◆ Notkunartíma (klukkstundir:mínútur)
- ◆ Notkunardaga í bið
- ◆ Hleðsluna sem er eftir í rafhlöðunni



VIÐVÖRUN! Rafhlaðan er ekki endurhlaðanleg.

Reynið ekki að endurhlaða rafhlöðuna. Ef reynt er að endurhlaða rafhlöðuna getur slíkt valdið sprengingu eða eldhættu.



Varúð: Litíumbrennisteinsdíoxíðrafhlaða.

Innihald rafhlöðunnar er undir miklum þrýstingi. Því skal aldrei endurhlaða hana, skammhleypa henni, gera á hana gat, aflaga hana eða geyma hana við hærra hitastig en 65°C. Fjarlægjið rafhlöðuna þegar hún er orðin tóm.



Varúð: Förgun á rafhlöðum.

Skilið litíumrafhlöðunni til endurvinnslu eða fargið henni samkvæmt gildandi lögum á hverjum stað. Vegna mikillar eld- og sprengihættu má alls ekki brenna rafhlöðuna.



Varúð: Notið eingöngu búnað sem er samþykktur af Cardiac Science.

Notkun á rafhlöðum, rafskautum, köplum eða aukabúnaði sem ekki hefur hlotið samþykki Cardiac Science getur leitt til þess að Powerheart-hjartastuðtækið virki ekki sem skyldi við björgun.

Endingartími rafhlöðunnar

Ending rafhlöðunnar fer eftir gerð rafhlöðunnar, raunverulegri notkun og umhverfispáttum.

Ný rafhlaða býður upp á eftirfarandi:

- ◆ Að lágmarki 14 klukkustunda notkun á tækinu (yfirleitt 18 klukkustundir) við 20°C til 30°C umhverfishita þegar engin rafstuð eru gefin, EÐA
- ◆ Að lágmarki 9 klukkustunda notkun á tækinu við 0°C umhverfishita þegar engin rafstuð eru gefin, EÐA
- ◆ Að lágmarki 9 klukkustunda notkun á tækinu við 50°C umhverfishita þegar engin rafstuð eru gefin, EÐA
- ◆ allt að 290 rafstuð (staðlað)

Tafla 2-1: Venjulegur endingartími rafhlöðu

Gerð	Áætlað geymslupól (frá framleiðsludag-setningu)	Heildarábyrgð á tækinu (frá því það er tekið í notkun)	Meðalfjöldi rafstuða
9146 litíum	5 ár	4 ár	allt að 290

Ath.: Ending rafhlöðunnar fer eftir gerð rafhlöðunnar, stillingum tækisins, raunverulegri notkun og umhverfispáttum.

Geymsluþol rafhlöðunnar


Geymsluþol rafhlaðanna er fimm ár frá framleiðsludagsetningu. Geymsluþol er skilgreindur sem sá tími sem hægt er að geyma rafhlöðu við stofuhita áður en hún er sett í hjartastuðtæki en uppfyllir samt notkunarkröfur varðandi endingartíma rafhlöðu.

Ath.: Ef rafhlaðan er geymd við of mikinn eða of lítinn hita (kjörhitastig er 0-50°C) styttr það endingartíma hennar.


Ísetning rafhlöðunnar

Svona er rafhlaðan sett í:

1. Merkimiðinn á rafhlöðunni skal snúa að rafhlöðuhólfinu á hjartastuðtækinu og stinga rafhlöðunni í eins og sýnt er á teikningunni.



2. Setjið rafhlöðuna í hjartastuðtækið á þann hátt sem teikningin sýnir, þannig að merkimiðinn snúi að rafhlöðuhólfinu. Ýtið þeirri hlið rafhlöðunnar sem festist í læsingunni ákveðið inn í hólfið eins og sýnt er á myndinni þar til rafhlaðan festist.



3. Bíðið í nokkrar sekúndur og opnið lokið í 5 sekúndur til að framkvæma sjálfspróf. Ef rafhlaðan er sett rétt í:



- Loga ljósin á Smartgauge rafhlöðuvísinum
- Stöðuvísirinn „Rescue Ready“ verður grænn á lit.

Þjónustuvísirinn logar ef þörf er á viðhaldi. Hafið samband við tækniþjónustu Cardiac Science (sjá [Samskiptaupplýsingar](#) á blaðsíðu 1-2) eða næsta söluaðila Cardiac Science ef utan Bandaríkjanna.


Rafskaut fyrir hjartastuð

Rafskautin fyrir hjartastuð eru seld tilbúin til notkunar í innsigluðum umbúðum með einu pari af sjálflímandi rafskautum auk snúru og tengis. Rafskautin eru einnota og því skal fleygja þeim eftir notkun.

Geymsluþol rafskautanna er takmarkað og þau skal ekki nota eftir fyrningardagsetninguna. Ávallt skal hafa ónotað par af rafskautum tengt við hjartastuðtækið. Upplýsingar um hitastig við notkun rafskautanna er að finna á merkimiðanum á umbúðum þeirra.

Hafi rafskautin orðið fyrir hnjaski, þau eru ótengd við tækið eða þau vantar, gefur tækið frá sér viðvörunarmerki með hljóði eða mynd eftir sjálfsprófið.

Ath.: Geymið rafskautin við stofuhita.



Varúð. Notið eingöngu búnað sem er samþykktur af Cardiac Science.

Notkun á rafhlöðum, rafskautum, köplum eða aukabúnaði sem ekki hefur hlotið samþykki Cardiac Science getur leitt til þess að Powerheart-hjartastuðtækið virki ekki sem skyldi við björgun.




Varúð. Hætta á að hjartastuðtækið starfi ekki réttan hátt.

Notkun á rafskautum sem eru skemmd eða útrunnin getur leitt til þess að hjartastuðtækið starfi ekki á réttan hátt.

Uppsetning á rafskautum

Uppsetning á rafskautunum:

1. Opnið lokið á hjartastuðtækinu.
2. Komið rafskautunum þannig fyrir að fyrningardagsetningin sjáist í gegnum gluggann á lokinu. Með þessu móti er hægt að sjá hvenær rafskautin renna út án þess að opna lokið á hjartastuðtækinu.
3. Tengið saman þau tengi sem eru eins á litinn (rautt í rautt) og stingið síðan rafskautatenginu í kassa hjartastuðtækisins eins og sýnt er á myndinni.



Um leið og rafskautatenginu er stungið í samband við hjartastuðtækið ætti að slökkna á gaumljósinu fyrir rafskautin.

4. Festið snúruna við neðri snúrufestinguna. Ljúkið lokinu á hjartastuðtækinu aftur þegar rafskautin eru kyrfilega tengd við það.
5. Gætið þess að fyrningardagsetningin sjáist í gegnum gluggann á lokinu og að STÖÐUVÍSIRINN sé GRÆNN á lit. Ef rafskautunum er komið rangt fyrir mun gaumljósið fyrir RAFSKAUTIN loga í RAUÐUM lit. Hafið samband við tækniþjónustu Cardiac Science (sjá [Samskiptaupplýsingar](#) á blaðsíðu 1-2) eða næsta söluaðila Cardiac Science ef utan Bandaríkjanna.

Notkunarleiðbeiningar



VIÐVÖRUN! Notið rafskautin aðeins einu sinni.

Notuð rafskaut ná ekki nægilegri viðloðun við sjúklinginn. Ófullnægjandi viðloðun skautanna getur valdið brunasárum. Ófullnægjandi viðloðun skautanna getur valdið því að hjartastuðtækið starfi ekki á réttan hátt. Notuð skaut geta borið smit á milli sjúklinga.



VIÐVÖRUN! Minnkuð geta til að veita meðferð.

Dregið getur úr áhrifum meðferðarinnar ef bláa spjalðið er ekki fjarlægt að öllu leyti.



Varúð: Notist aðeins í styttri tíma. Notið ekki til raförvunar.

EKKI opna umbúðir rafskautanna fyrir en notkun þeirra fer fram. Notist aðeins í styttri tíma.

Rafskautin eru ekki ætluð til notkunar við raförvun.



Varúð: Skemmdir á búnaðinum.

Ekki toga í leiðsluna til að taka rafskautin af bláa spjaldinu.

Ath.: Geymið rafskautin við stofuhita.

Ath.: Rafskautin eru til notkunar á fullorðna einstaklinga.

1. Gangið úr skugga um að húðsvæðið sé hreint og þurrt.
2. Opnið pakkann og fjarlægið rafskautin.
3. Aðskiljið rafskaut frá bláa spjaldinu með því að fletta frá flípanum á horninu.




Ath.: EKKI toga í leiðslurnar.

4. Komið rafskautunum fyrir á húðinni á eins og sýnt er.
5. Aðskiljið hitt rafskautið frá bláa spjaldinu með því að fletta frá flípanum á horninu.

Ath.: EKKI toga í leiðslurnar.

6. Komið öðru rafskautinu fyrir eins og sýnt er.



3

Hvernig skal staðið að björgun

Efnisyfirlit

◆ Varnaðarorð og varúðarreglur	3-2
◆ 1. þrep: Mat gert á sjúklingi	3-4
◆ 2. þrep: Hjartastuðtækinu komið fyrir og það opnað	3-4
◆ 3. þrep: Rafskautunum komið fyrir á sjúklingnum	3-5
◆ 4. þrep: Greining á hjartslætti	3-6
◆ 5. þrep: Rafstuð gefið	3-7
◆ 6. þrep: Hefjið grunnendurlífgun	3-8
◆ 7. þrep: Hjartastuðtækið undirbúið fyrir næstu björgun	3-9



Lesið *Notkunar- og þjónustuhandbókina* áður en tækið er tekið í notkun. Fylgið leiðbeiningunum sem koma fram í kaflanum í réttri röð.

Í kaflanum er fjallað um hvernig skal nota hjartastuðtækið við björgun.

Hér á eftir má sjá almenn þrep við framkvæmd björgunar:

1. Mat framkvæmt á sjúklingnum.
2. Undirbúið sjúklinginn.
3. Komið rafskautunum fyrir á sínum stað.
4. Framkvæmið greiningu á hjartslætti sjúklingsins.
5. Gefið rafstuð.
6. Framkvæmið grunnendurlífgun.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Hafa verður eftirfarandi varnaðarorð í huga til að koma í veg fyrir að upp komi vandamál á meðan björgun stendur.



HÆTTA! Eld- og sprengihætta

Vegna mikillar eld- og sprengihættu skal ekki nota hjartastuðtækið við eftirfarandi aðstæður:

- Nálægt eldfimum lofttegundum
- Nálægt þétu súrefni
- Í háþrýstiklefa



VIÐVÖRUN! Hætta á raflosti og tjóni á búnaðinum

Óæskilegur rafstraumur frá hjartastuðtækinu getur valdið alvarlegu raflosti og mögulega tjóni á búnaðinum. Nauðsynlegt er að fylgja eftirfarandi fyrirmælum til að fyrirbyggja raflost við notkun tækisins:

- Snertið ekki sjúklinginn nema framkvæma þurfi grunnendurlífgun með öndunaraðstoð og hjartahnoði
- Snertið ekki málmluti sem eru í snertingu við sjúklinginn
- Gætið þess að rafskaut fyrir hjartastuð séu í öruggri fjarlægð frá öðrum rafskautum eða málmlutum sem eru í snertingu við sjúklinginn
- Allan búnað sem getur valdið skaða við notkun á hjartastuðtækinu skal fjarlægja af sjúklingnum áður en rafstuð er gefið



VIÐVÖRUN! Hætta á raflosti og eldhætta

Hvorki má tengja síma né aðra ósamþykkt tengla við innstungur búnaðarins.



VIÐVÖRUN! Ekki nota rafskautin aftur.

Notuð rafskaut ná ekki nægilegri viðloðun við sjúklinginn. Ófullnægjandi viðloðun skautanna getur valdið brunasárum. Ófullnægjandi viðloðun skautanna getur valdið því að hjartastuðtækið starfi ekki á réttan hátt. Notuð skaut geta borið smit á milli sjúklinga.



Varúð: Notið eingöngu búnað sem er samþykktur af Cardiac Science

Notkun á rafhlöðum, rafskautum, köplum eða aukabúnaði sem ekki hefur hlotið samþykki Cardiac Science getur leitt til þess að Powerheart-hjartastuðtækið virki ekki sem skyldi við björgun.



Varúð: Hætta á að hjartastuðtækið starfi ekki á réttan hátt

Notkun á rafskautum sem eru skemmd eða úrunnin getur leitt til þess að hjartastuðtækið starfi ekki á réttan hátt.



Varúð: Samskiptasnúra

Hjartastuðtækið virkar ekki við björgun þegar samskiptasnúran er tengd við raðtengið. Þegar samskiptasnúran er tengd við hjartastuðtækið við björgun heyrir áminningin „Fjarlægðu snúruna til að halda áfram“ þar til samskiptasnúran er fjarlægð.



Varúð: Truflanir vegna útvarpsbylgja mögulegar

Næmi búnaðarins fyrir útvarpsbylgjum frá farsímum, CB-talstöðvum, tvíátta FM-talstöðvum og öðrum þráðlausum tækjum getur leitt til rangrar greiningar og þar af leiðandi rangrar ráðleggingar um rafstuðgjöf. Þegar hjartastuðtækið er notað við björgun skal ekki nota þráðlausar talstöðvar í innan við 1 metra fjarlægð frá tækinu. SLÖKKVIÐ á símanum og samsvarandi búnaði í nánd við hjartastuðtækið.



Varúð: Hætta á truflunum í ígræddum hjartagangráði

Ekki skal fresta meðferð hjá sjúklingum með ígræddan hjartagangráð og reyna skal hjartarafstuð ef sjúklingurinn er meðvitundarlaus og hann andar ekki. Hjartastuðtækið getur greint og hafnað hjartagangráði en mögulega mælir hjartastuðtækið ekki með rafstuði þegar um tiltekna gerðir hjartagangráða er að ræða. Þegar rafskautunum er komið fyrir:

- Skal ekki setja rafskautin beint yfir ígræddan búnað.
- Staðsetjið rafskautin í a.m.k. 2,5 cm fjarlægð frá ígræddum búnaði.



Varúð: Sjúklingurinn færður til við björgun

Ef mikið er ýtt við sjúklingi eða hann færður til meðan á björgunartilraun stendur getur það leitt til rangrar greiningar hjartastuðtækis á hjartslætti sjúklingsins. Stöðvið allar hreyfingar eða titring áður en tilraun er gerð til björgunar.

1. þrep: Mat gert á sjúklingi

Ganga verður úr skugga um að sjúklingurinn sé ekki yngri en 8 ára né þyngri en 25 kg og sýni öll eftirfarandi einkenni:

- ◆ Sýnir engin viðbrögð
- ◆ Andar ekki

EKKI skal seinka meðferð í því skyni að ákvarða nákvæmlega aldur eða þyngd sjúklingsins. Nánari upplýsingar um hvernig á að skipta út rafskautum fyrir fullorðna út fyrir rafskautum fyrir börn er að finna í notkunarleiðbeiningum sem fylgja rafskautum fyrir börn. Notið rafskaut fyrir fullorðna við meðferð ef rafskaut fyrir börn eru ekki til staðar.

HRINGIÐ Í NEYÐARLÍNUNA!


Ath.: Ef sjúklingur er barn yngra en 8 ára eða vegur minna en 25 kílógrömm skal nota hjartastuðtækið ásamt rafskautum fyrir börn af gerð 9730. Notið rafskaut fyrir fullorðna ef rafskaut fyrir börn eru ekki til staðar.

2. þrep: Hjartastuðtækinu komið fyrir og það opnað

1. Komið hjartastuðtækinu fyrir við hliðina á sjúklingnum og látið lokið snúa upp.

Ath.: Leggið hjartastuðtækið niður (lóðrétt) eins og sýnt er.

2. Opnið lokið á hjartastuðtækinu.
3. Bíðið þar til logar á ljósunum.



3. prep: Rafskautunum komið fyrir á sjúklingnum

1. Fjarlægið allan klæðnað af brjósti sjúklingsins.
2. Gangið úr skugga um að húð sjúklingsins sé hrein og þurr.
3. Þerrið brjóst sjúklingsins og rakið af líkamshár ef þörf krefur.

Þegar hjartastuðtækið sendir frá sér tilkynningu...

Skal gera eftirfarandi...

„Opnaðu pakkann og fjarlægið rafskaut.“


Gætið þess að rafskautin séu tengd við hjartastuðtækið og opnið pakkann.
Takið rafskautin úr.
Hafið pakkann tengdan við rafskautasnúrurnar.

„Losaðu rafskautið af plastfilmunni.“



Flettið öðru rafskautinu varlega af bláu plastfilmunni með ákveðnu og öruggu handtaki.
Ekki skiptir máli hvort rafskautið er notað.
Ath.: Ekki skal toga í snúrurnar.

„Settu annað rafskautið ofarlega á beran brjóstakassann.“



Setjið rafskautið án plastfilmunnar ofarlega á beran brjóstakassann eins og sýnt er á pakkanum.

„Losaðu hitt rafskautið og settu það neðarlega á beran brjóstakassann eins og sýnt er.“



1. Takið bláu plastfilmuna af seinna rafskinu.

Ath.: Ekki skal toga í snúrurnar.
2. Komið rafskautinu fyrir á neðri hluta brjóstakassans eins og sýnt er á pakkanum.

Ath.: Venjuleg rafskaut frá Cardiac Science eru ekki skautuð og því má koma þeim fyrir í hvorri stöðunni sem er, eins og sýnt er á umbúðunum.

4. prep: Greining á hjartslætti

Þegar hjartastuðtækið sendir frá sér tilkynningu...	Skal gera eftirfarandi...
„Ekki snerta sjúkling. Greini hjartslátt.“ Hjartastuðtækið byrjar að greina hjartslátt sjúklingsins.	Ekki snerta sjúklinginn. Bíðið eftir næstu tilkynningu.

Við greiningu mun ein eða fleiri af eftirfarandi tilkynningum heyrast:

Ef hjartastuðtækið gefur eftirfarandi tilkynningu...	Er vandinn af eftirfarandi toga...	Skal gera eftirfarandi...
„Athugaðu rafskautin.“	Rafskautin eru tekin úr sambandi við hjartastuðtækið. Eða... Rafskautunum hefur ekki verið komið fyrir á réttan hátt eða þau eru ekki í sambandi.	Gætið þess að tenginu sé rétt stungið í hjartastuðtækið. Gætið þess að rafskautin sitji haganlega á hreinni og þurri húð.
„Truflun á greiningu. Stöðvið hreyfingu sjúklings.“ Hjartastuðtækið byrjar greininguna upp á nýtt.	Sjúklingur er færður óþarflega mikið til eða í innan við 5 metra radíus er rafeindabúnaður sem gefur frá sér sterkar rafsegulbylgjur.	Fjarlægið rafeindabúnaðinn eða stöðvið óþarflega mikla hreyfingu á sjúklingi.

5. þrep: Rafstuð gefið

Tafla 3-1: Aðeins fyrir Powerheart 9300A (sjálfvirk) hjartastuðtæki

Þegar hjartastuðtækið sendir frá sér tilkynningu...	Skal gera eftirfarandi...
„Mæli með rafstuði.“	Gætið þess að enginn sé í snertingu við sjúklinginn.
„Rafstuð verður gefið eftir þrjár, tvær, eina.“ Hjartastuðtækið gefur rafstuð.	Gætið þess að enginn sé í snertingu við sjúklinginn.
Eftir að hjartastuðtækið hefur gefið rafstuð: „Rafstuð gefið.“	Bíðið
„Nú er óhætt að snerta sjúkling.“	Bíðið

Tafla 3-2: Aðeins fyrir Powerheart 9300E (hálfhálfvirk) hjartastuðtæki

Þegar hjartastuðtækið gefur eftirfarandi tilkynningu...	Skal gera eftirfarandi...
„Mæli með rafstuði.“	Gætið þess að enginn sé í snertingu við sjúklinginn.
Þegar hjartastuðtækið er tilbúið til rafstuðgjafar blikkar rafstuðshnappurinn. „Ýtið á takkann sem blikkar til að gefa rafstuð“	Gætið þess að enginn sé í snertingu við sjúklinginn. Ýtið á rafstuðshnappinn. Ef ekki er stutt á rafstuðshnappinn innan 30 sekúndna frá því að raddtilkynningin heyrir mun hjartastuðtækið afhlaða sig og gefa tilkynningu um að hefja grunnendurlífgun.
Eftir að hjartastuðtækið hefur gefið rafstuð: „Rafstuð gefið.“	Bíðið
„Nú er óhætt að snerta sjúkling.“	Bíðið

Á meðan hjartastuðtækið hleður sig heldur það áfram greiningu á hjartstlátti sjúklingsins. Ef taktbreytingar verður vart og rafstuðgjafar er ekki lengur þörf birtist tilkynningin „Taktur hefur breyst. Hætt við rafstuð“ og gefur tilkynningu um að hefja grunnendurlífgun.

6. prep: Hefjið grunnendurlífgun



Þegar hjartsláttargreining tækisins sýnir að rafstuðgjöf kemur ekki að gagni fer það í grunnendurlífgunarham.

Ath.: Hjartastuðtækið er annað hvort stillt á hefðbundna endurlífgun (með hjartahnoði og blástrum) (Tafla 3-3) eða grunnendurlífgun eingöngu með hjartahnoði (Tafla 3-4 á blaðsíðu 3-9).



VIÐVÖRUN! Búnaðurinn starfar ekki.

Ef hjartastuðtækið starfar ekki á meðan björgun stendur skal framkvæma grunnendurlífgun eins og þörf krefur þar til starfsmenn neyðarþjónustu koma á staðinn.

Tafla 3-3: Hefðbundin grunnendurlífgun (með hjartahnoði og blástrum)

Þegar hjartastuðtækið sendir frá sér tilkynningu... Skal gera eftirfarandi...	
„Gefið 30 hjartahnoð. Blásið tvisvar.“	Gefið sjúklingnum hjartahnoð: Setjið þykkasta hluta annarrar handar á miðju bringspala á milli geirvarta. Setjið þykkhluta hinnar handarinnar beint ofan á þá fyrri. Hallið yfir sjúkling með beina olnboga. Þrýstið bringu sjúklingsins hratt niður, um einn þriðja hluta brjóstkassabykkta, og sleppið.
„Hefjið endurlífgun.“	Gefið 30 hjartahnoð. Blásið tvisvar. Endurtakið þar til hjartastuðtækið gefur til kynna að stöðva skuli endurlífgun.
(Hljóðmerki) Hjartastuðtækið gefur frá sér hljóðmerki á 30 sekúndna fresti.	Haldið endurlífgun áfram.
„Haldið áfram endurlífgun.“	Framkvæmið endurlífgun samkvæmt leiðbeiningunum hér á undan. Fylgið tímaniðurtalningunni á skjánum sem sýnir fjölda hjartahnoða og blástra.

Tafla 3-4: Grunnendurlífgun aðeins með hjartahnoði

Þegar hjartastuðtækið sendir frá sér tilkynningu... Skal gera eftirfarandi...

„Hefjið endurlífgun.“

Framkvæmið endurlífgun.

Þetta ferli heldur áfram þar til endurlífgunartímanum lýkur. Við lok endurlífgunar gefur hjartastuðtækið frá sér tilkynninguna „Hættið endurlífgun“. Hjartastuðtækið greinir aftur hjartalínurit sjúklingsins (sjá 4. þrep: *Greining á hjartslætti* á blaðsíðu 3-6).

Ef sjúklingurinn er með meðvitund og andar eðlilega skal hafa rafskautin áfram á brjósti hans og tengd við hjartastuðtækið. Komið sjúklingnum í sem þægilegasta stöðu og bíðið eftir starfsfólki neyðarþjónustunnar.

7. þrep: Hjartastuðtækið undirbúið fyrir næstu björgun

Þegar starfsmenn neyðarþjónustu hafa tekið við sjúklingnum skal undirbúa hjartastuðtækið fyrir næstu björgun:

1. Hlaðið niður björgunargögnum sem geymd eru í innra minni hjartastuðtækisins.
2. Notið Rescuelink hugbúnað sem er uppsettur á einkatölvu (sjá kaflann um *Gagnastjórnun í G3 Notkunar- og þjónustuhandbókinni*).
3. Tengjið ný rafskaut við hjartastuðtækið (sjá *Uppsetning á rafskautum* á blaðsíðu 2-9).
4. Ljúkið lokinu aftur.
5. Gætið þess að stöðuvísirinn á handfangi hjartastuðtækisins verði grænn á lit.



Cardiac Science Corporation • N7 W22025 Johnson Drive, Waukesha, WI 53186 Bandaríkin • 262.953.3500

• Gjaldfrjálst númer innan Bandaríkjanna 800.426.0337 • Fax: 262.953.3499 • care@cardiacscience.com

Pantanir og þjónustudeild (Bandaríkin og önnur lönd) • Gjaldfrjálst númer innan Bandaríkjanna: 800.426.0337

• Fax: 262.953.3499 • care@cardiacscience.com

Tækniaðstoð • Gjaldfrjálst númer innan Bandaríkjanna: 800.426.0337 • (Bandaríkin) Fax: 262.798.5236

• techsupport@cardiacscience.com • (International) internationalservice@cardiacscience.com

Cardiac Science, Shielded Heart-lógóið, Powerheart,
FirstSave, Mastertrak, MDLink, STAR, Intellisense, Rescue
Ready, RescueCoach, Rescuelink, RHYTHMx, and
Survivalink eru vörumerki Cardiac Science Corporation.
Höfundarréttur © 2014 Cardiac Science Corporation. Allur
réttur áskilinn.



70-00967-30 B

